

Málsmeðferð.**29. gr.**

Þegar til álita kemur hvort útlendingi, sem sótt hefur um leyfi fyrsta sinni, skuli meinuð landganga eða honum vísað úr landi með skírskotun til allsherjarreglu, almannaöryggis eða almannaheilbrigðis, sbr. 28. gr., skal ákvörðun tekin eins fljótt og unnt er og ekki síðar en sex mánuðum eftir að umsókn barst. Umsækjandi á rétt á að dvelja í landinu þar til umsókn hefur fengið endanlega meðferð.

Rökstuðningur skal fylgja ákvörðun um synjun dvalarleyfis eða um brottvísun, nema það gangi gegn öryggishagsmunum ríkisins.

Í ákvörðun um synjun dvalarleyfis eða brottvísun úr landi skal koma fram sá frestur sem gefinn er til að yfirgefa landið. Að frátöldum bráðatilvikum skal fresturinn ekki vera styttri en fimmtán dagar hafi hlutaðeigandi ekki enn fengið dvalarleyfi og eigi styttri en einn mánuður í öllum öðrum tilvikum.

30. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, sbr. lög nr. 133 31. desember 1993, svo og með hliðsjón af 1.-5. tölul. V. viðauka (tilskipun 64/221/EBE, reglugerðir EBE nr. 1612/68 og 312/76, tilskipun 68/360/EBE, reglugerð EBE nr. 1251/70 og tilskipun 72/194/EBE) og 3.-8. tölul. VIII. viðauka (tilskipanir 73/148/EBE, 75/34/EBE, 75/35/EBE, 90/364/EBE, 90/365/EBE og 93/96/EBE) við EES samninginn, öðlast þegar gildi.

EBE gerðirnar sem vísað er til eru birtar í sérritinu EES gerðir S 32 og S 35, sbr. auglýsingu nr. 31/1993 í C-deild Stjórnartíðinda, og í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu, bók 4, bls. 135-136.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. desember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

TILKYNNING**nr. 2/1995 um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.**

Samkeppnisstofnun hefur á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara ákveðið eftirfarandi flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum frá og með 1. janúar 1996 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

Bifreiðabensín	0,50 kr. á lítra
gasolía	0,90 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,45 kr. á kg
flugvélabensín	0,05 kr. á lítra
flugsteinolía (potueldsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast

samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 28. desember 1995.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða íslenskra skipa sem veiða utan 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin tekur ekki til veiða í fiskveiðilandhelgi annarra ríkja.

2. gr.

Skipstjórar íslenskra fiskiskipa, sem fara til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands, skulu tilkynna það Fiskistofu við upphaf hverrar veiðiferðar eða svo skjótt sem unnt er. Í tilkynningu skal greina nafn skips og skipaskrárnúmer, nafn skipstjóra, hvar fyrirhugað er að stunda veiðar og hvenær áætlað er að þær hefjist. Óheimilt er að hefja veiðar utan 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi Íslands án þess að það hafi verið tilkynnt til Fiskistofu áður.

Tilkynna skal einnig hvenær veiðiferð lýkur, ekki seinna en við lok hennar. Skal þá tilkynna hvar fyrirhugað sé að landa aflanum.

3. gr.

Fyrir 20. hvers mánaðar skal útgerð fiskiskips hafa tilkynnt um afla undangengins mánaðar til Fiskistofu á þar til gerðu eyðublaði sem Fiskistofa lætur í té. Útgerðarmönnum og skipstjórnarmönnum er jafnframt skylt að gefa Fiskistofu, án endurgjalds, allar þær upplýsingar varðandi veiðar skipanna utan fiskveiðilandhelgi Íslands og ráðstöfun aflans sem unnt er að láta í té og óskað er eftir, á umræddu eyðublaði eða með öðrum hætti.

II. KAFLI

Ákvæði um veiðar íslenskra skipa á Norðvestur-Atlantshafi.

4. gr.

Ákvæði 4.-14. gr. gilda jafnframt um veiðar íslenskra skipa á svæði sem nefnt er „samningssvæðið“ í samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi sbr. auglýsingu nr. 17 í C-deild Stjórnartíðinda 29. desember 1978. Vísað er til viðauka III við þann samning um skiptingu þess svæðis í vísindaleg og tölfraðileg undirsvæði (tilgreind með tölustöfum), deilivæði (hlutar undirsvæðis tilgreindir með tölustaf og stórum bókstaf) og undirdeilivæði (hlutar deilivæðis tilgreindir með litlum bókstaf) sem meðfylgjandi mynd í viðauka I sýnir.